

Sp.

670. Pingsályktun

[22. mál]

um skipulegt átak í fiskræktar- og veiðimálum.

(Afgreidd frá Sp. 20. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að gerð verði áætlun um skipulegt átak í fiskræktarmálum.

Í þessu sambandi verði áhersla lögð á:

1. Að efla rannsóknir og tilraunir í veiðimálum, svo að unnt sé að fá sem haldbesta vitneskju um þau skilyrði sem fyrir hendi eru í landinu til fiskræktar.
2. Að auka leiðbeiningar í fiskrækt og veiðimálum.
3. Að afla þekkingar í markaðsmálum.
4. Að samræma fjárveitingar til fiskræktarmála.